

Nd.

914. Nefndarálit

[73. mál]

um frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum í því formi sem það kom frá efri deild. Til nefndarinnar komu Ragnhildur Hjaltadóttir, lögfræðingur í samgönguráðuneytinu, Magnús Jóhannsson siglingamálastjóri, Gunnar Ágústsson, deildarstjóri mengunardeildar Siglingamálastofnunar, og Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarnadeildar Hollustuverndar ríkisins.

Það kom fram á fundum nefndarinnar að þetta frumvarp skaraðist nokkuð við gildandi lög, t.d. lög um Hollustuvernd ríkisins, og voru nefndarmenn sammála um að æskilegt væri að endurskoða löginn innan þriggja ára þegar reynsla væri komin á samskipti þeirra stofnana sem fara með mengunarmál.

Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir nál. með fyrirvara. Kristín Halldórsdóttir mun skila séráliti.

Þeir, sem skrifa undir meirihlutaálitið, leggja til að frumvarpið verði samþykkt með tveimur breytingum sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. apríl 1986.

Stefán Valgeirsson,
form., frsm.
Stefán Guðmundsson.

Steingrímur J. Sigfússon,
með fyrirvara.
Eggert Haukdal.

Friðjón Þórðarson.
Karvel Pálmason.